

GRUPPSPEL, HUVUDSPELARE, UTESPELARE og MATCHSPEL leikjastólar

Upplýsingar um ábyrgðir

3



3

Daglegt líf gerir miklar kröfur til leikjastóla. Allir stólarnir okkar eru prófaðir fyrir notkun í atvinnuskyni og fara í gegnum fjölda prófana til að tryggja að þeir standist strangar kröfur okkar um gæði og öryggi. GRUPPSPEL, MATCHPEL, UTESPELARE og HUVUDSPELARE leikjastólarnir eru prófaðir samkvæmt nýjustu útgáfu eftirfarandi staðla fyrir skrifstofustóla: EN 1335 og ANSI/BIFMA X5.1.

Því getum við boðið upp á 3 ára ábyrgð sem nær yfir galla í efni og framleiðslu á eftirtöldum leikjastólum: GRUPPSPEL leikjastóll, MATCHPEL leikjastóll, UTESPELARE leikjastóll, HUVUDSPELARE leikjastóll. Ábyrgðin gildir samkvæmt ábyrgðarskilmálum sem koma fram í þessum bæklingi.



MATCHSPEL



UTESPELARE



HUVUDSPELARE

Hvað gildir ábyrgðin lengi?

Ábyrgðir fyrir GRUPPSPEL leikjastóll, MATCHSPEL leikjastóll, UTESPELARE leikjastóll og HUVUDSPELARE leikjastóll gildir í 3 ár frá þeim degi sem varan er keypt í IKEA. Framvísa þarf upphaflegri kvittun sem staðfestingu á kaupum.

Hvaða fellur undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin gildir fyrir notkun á heimilum og í atvinnuskyni og nær til galla í efni og framleiðslu. Ábyrgðin gildir eingöngu fyrir þann aðila sem upprunalega kaupir vöruna. Hún færist ekki á milli eigenda.

Hvað gerir IKEA til að leysa vandann?

IKEA skoðar vöruna og tekur ákvörðun um hvort ábyrgðin gildi í hverju tilfalli fyrir sig. Ef ábyrgðin er í gildi ákveður IKEA hvort gert er við vöruna eða henni skipt út fyrir sömu vöru eða sambærilega. IKEA ber þá kostnað af viðgerð, varahlutum, vinnu og ferðum starfsfólks sem IKEA fær til viðgerðanna. Þetta á þó aðeins við ef varan er aðgengileg án þess að viðbótarkostnaður hljóti af. Þetta á ekki við í þeim tilfellum þar sem viðgerð hefur farið fram án heimildar IKEA. Allir gallaðir hlutar sem fjarlægðir eru við viðgerð eru eign IKEA. Ef varan er ekki lengur seld hjá IKEA verður viðskiptavini útveguð sambærileg vara. IKEA áskilur sér rétt til að ákveða hverju sinni hvað er sambærileg vara.

Hvaða fellur undir þessa ábyrgð?

Þessi ábyrgð nær til galla í efni og framleiðslu á eftirfarandi hlutum stólsins:

- Grind
- Hreyfanlegir hlutir

Hreyfanlegir hlutir eru hlutir með hreyfanlega eða stillanlega eiginleika. Ábyrgðin nær yfir þá eiginleika sem ætlaðir eru fyrir hluti sem tilheyra hjólum, pumpu, búnaði, armbríku og búnaði til að stilla bak.

Ábyrgðin gildir eingöngu fyrir þann aðila sem upprunalega kaupir vöruna. Hún færist ekki á milli eigenda

Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin er ekki í gildi fyrir vöru sem hefur verið geymd, sett saman, sett upp eða notuð á rangan hátt. Einnig vöru sem hefur verið meðhöndluð illa eða á rangan hátt, hefur verið breytt eða þrífín með röngum efnum.

Ábyrgðin nær ekki yfir venjulega notkun, rispur eða skemmdir vegna óhappa eða högga.

Ábyrgðin gildir ekki ef vara hefur verið geymd utandyra eða þar sem er raki, til dæmis á baðherbergi.

Ábyrgðin nær ekki yfir skaða vegna tilfallandi eða afleidds tjóns.

Almenn réttindi

Ábyrgðin veitir þér tiltekin réttindi. Hún hefur á engan hátt áhrif á lagalegan rétt þinn.

Hafðu samband

Ef þú þarft frekari upplýsingar getur þú haft samband við IKEA í síma 520 2500 eða á IKEA.is

Geymdu kvittunina

Hún er staðfesting á kaupunum og hennar er krafist til að ábyrgðin gildi. Ef eitthvað kemur upp á eða þú ert ekki ánægð/ur, vinsamlega hafðu þá samband við IKEA á [IKEA.is](https://www.ikea.is) eða hringdu í 520 2500.

